Velferðarnefnd Alþingis

Norðurlandi vestra, 6. október 2026

Efni: *Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029, 102. mál á 158. löggjafarþingi*

Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað á Norðurlandi vestra eins og annars staðar á landinu og eru þeir mikilvægur hluti af atvinnulífi og samfélagi landshlutans. Íslenskukunnátta er lykill að virkri þátttöku í samfélaginu, störfum við hæfi og því að fólk festi rætur í sinni heimabyggð.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fagnar tillögunni og þeirri áherslu sem lögð er á íslenskunám í 1. kafla hennar. Stjórnin leggur ríka áherslu á að aðgengi íbúa sem hafa ekki íslensku að móðurmáli að íslenskunámi verði tryggt í raun um land allt, óháð búsetu.

Í greinargerð með aðgerð 1.3 kemur fram að innflytjendur, einkum á landsbyggðinni, hafi bent á takmarkað aðgengi að íslenskunámi í dreifðari byggðum. Sú reynsla á við um Norðurland vestra, þar sem vegalengdir eru miklar og hópar fámennir. Fjarnám er mikilvæg viðbót en kemur ekki í stað staðbundinnar kennslu. Tryggja þarf að námskeið séu í boði í byggðakjörnum landshlutans og að fámenni verði ekki til þess að námskeið falli niður.

Til að ná markmiði aðgerðar 1.1 um aðgengilegt nám á landinu öllu leggur stjórn SSNV til að símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur um land allt verði tilgreind sem dæmi um samstarfsaðila í aðgerðinni. Þessir aðilar búa yfir reynslu af íslenskukennslu fullorðinna og staðbundinni þekkingu. Á Norðurlandi vestra gegnir Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra lykilhlutverki í íslenskukennslu fyrir fullorðna.

Gott aðgengi að íslenskunámi um land allt er forsenda þess að nýir íbúar festi rætur og taki virkan þátt í samfélaginu. Það styður jafnframt við markmið sóknaráætlunar Norðurlands vestra um að nýir íbúar upplifi sig velkomna og við jafnræði landshluta.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri